

23. mars 2022



Verkefnaáætlun 2022-2024

Landsáætlun um
uppbyggingu innviða til
verndar náttúru og
menningarsögulegum
minjum

Stjórnarráð Íslands

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Útgefandi:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Mars 2022

urn@urn.is

www.urn.is

©2022 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

ISBN 978-9935-9659-1-2

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Verkefnisstjórn.....	6
3. Samþykkt stefnumótun	7
4. Áætlun um fjármögnun	8
5. Tillaga að ráðstöfun.....	9
6. Sérstakt viðbragð við auknu álagi	10
6.1 Staðir til sérstakrar skoðunar.....	10
6.2 Bráðaaðgerðir og nýfriðlýst svæði.....	10
7. Ný verkefnaáætlun 2022-2024	11
7.1 Ferill endurskoðunar.....	11
7.2 Ferill eftir að ný áætlun tekur gildi	11
8. Tillögur að aðgerðum árin 2022-2024	12
8.1 Ferðamannastaðir, -svæði og -leiðir	12

Töfluskrá

Tafla 1: Fjármögnun landsáætlunar 2022-2024.....	8
Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2022-2024. Inni í liðnum <i>Staðir á landsáætlun – Efnislegir innviðir</i> er einnig sérstakt fjármagn til uppbyggingar fjölsótttra staða, s.s. Geysis, Jökulsárlóns, Landmannalauga og Þingvalla á grunni staðbundinna áætlana og frumathugana.....	9
Tafla 3: Bráðaaðgerðir og ný friðlýst svæði - úthlutun árs 2021.....	10
Tafla 4 Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2022-2024. <i>Einnig er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni til stærri ferðamannastaða á grundvelli samþykktra, staðbundinna áætlana. Nánari ráðstöfun þess mun liggja fyrir við næstu útgáfu verkefnaáætlunar, vorið 2023.</i>	13

1. Inngangur

Hér er lögð fram framkvæmdáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vegna áráanna 2022-2024. Þessi þriggja ára verkefnaáætlun leysir af hólmi fyrri áætlun fyrir 2021-2023 sem gefin var út í mars 2021.

Hér er einnig gerð grein fyrir því fjármagni sem ráðstafað hefur verið til áætlunarinnar og þeim verkefnum sem stefnt er að á gildistíma hennar.

Með þessari áætlun er haldið áfram að takast á við mikla og uppsafnaða þörf fyrir innviðauppbyggingu á svæðum sem búa við álag af völdum ferðamennsku.

Jafnframt er vaxandi þörf á fjármagni til viðhalds og reksturs þeirra innviða sem byggðir hafa verið.

Vert er að nefna að með þessum tillögum og fjármagni er einungis hægt að mæta hluta þeirra verkefnatillagna á stöðum, leiðum og svæðum sem verkefnisstjórn fjallaði um og talin var þörf á að byggja upp, lagfæra eða verja fyrir ágangi.

Verkefni áætlunarinnar lúta sum hver að lokafrágangi innviða. Þau munu þó ekki ljúka uppbyggingu staða eða leiða, heldur ná einungis til frágangs afmarkaðra innviða innan þeirra.

2. Verkefnisstjórn

Í lögum nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er kveðið á um að skipuð sé verkefnisstjórn til þriggja ára í senn. Verkefnisstjórn hefur umsjón með gerð tillögu að þriggja ára verkefnaáætlun og tólf ára stefnumarkandi landsáætlunar og er hlutverk hennar að annast upplýsingaöflun, forgangs röðun og gerð tillagna vegna þeirra.

Ráðherra umhverfismála skipar verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar að fengnum tilnefningum:

Hafsteinn S. Hafsteinsson, formaður, skipaður af ráðherra umhverfismála án tilnefningar.

Guðný Sverrisdóttir, skipuð af ráðherra umhverfismála án tilnefningar.

María Reynisdóttir, tilnefnd af ráðherra ferðamála.

Rúnar Leifsson, tilnefndur af ráðherra menningarmála.

Regína Sigurðardóttir, tilnefnd af forsætisráðherra.

Guðjón Bragason, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með verkefnisstjórn vinnur Dagný Arnarsdóttir, sérfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

3. Samþykkt stefnumótun

Þessi framkvæmdaáætlun styður við stefnu stjórnvalda á sviði uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum í náttúru landsins, en hinn 11. júní 2018 samþykkti Alþingi þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 á grundvelli laga nr. 20/2016. Þar ályktaði Alþingi að á árunum 2018–2029 yrði unnið að uppbyggingu innviða í samræmi við áætlunina og markmið hennar.

4. Áætlun um fjármögnun

Í fjárlögum ársins 2022 og fjármálaáætlun árunna 2023 og 2024 er áætlað fjármagn til landsáætlunar 3,343 m. kr. Í verkefnaáætlun landsáætlunar fyrir sama tímabil er lagt upp með að ráðstafað verði 2.764 m.kr til verkefna í samræmi við ákvæði laga nr. 20/2016 og fyrirbyggjandi stefnumótun (Tafla 1).

Fyrirvari er settur um áætlaðar fjárheimildir 2023-2024 sem byggja á fylgiriti fjárlagafrumvarps 2022. Raungerist áætlunin varðandi 2023 og 2024 er einnig settur fyrirvari við að endanlega skiptingu heildarfjárhæðarinnar kunni hluti hennar að verða markaður annar farvegur innan málasviðsins sjálfs.

Tafla 1: Fjármögnun landsáætlunar 2022-2024

Fjármögnun landsáætlunar 2022-2024				
	2022	2023	2024	Samtals
Verkefnaáætlun 2022-2024	914.200.000	926.233.223	923.594.843	2.764.028.066

5. Tillaga að ráðstöfun

Verkefnisstjórn gerir tillögu að eftirfarandi ráðstöfun fjármuna vegna 2022-2024.

Langstærsti hluti fjármagns landsáætlunar um innviði fer til uppbyggingar innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á ferðamannstöðum, þ.e. staðbundinna verkefna sem geta falist í undirbúningi, framkvæmd eða viðhaldi. Er gert ráð fyrir um 2631 m.kr. til slíkra verkefna. Inni í þessum tölum er sérstakt 843 m.kr. framlag er á árunum 2023-2024, til staða þar sem umfangsmikil uppbygging stendur fyrir dyrum en fyrirkomulag innviðauppbyggingar ekki fyllilega útfært á þessu stigi máls. Má þar nefna staði eins og Geysi, Jökulsárlón, Landmannalaugar og Þingvelli. Í slíkum tilvikum fer verkefnisstjórn yfir nánari tillögur þegar þær liggja fyrir, áður en gerður er samningur um verkefnið. Nánar er gerð grein fyrir ráðstöfun fjármuna til staðbundinna innviða síðar í þessari greinargerð og er þar átt við þau verkefni sem þegar eru nákvæmlega skilgreind og samþykkt af verkefnisstjórn.

Landsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir ýmsum óstaðbundnum verkefnum sem gagnast öllum stöðum. Stefnumarkandi landsáætlun tilgreinir fjölmörg áhersluatriði sem bíða innleiðingar, og fer slík innleiðing gjarnan fram á vettvangi vinnuhópa. Einnig er um að ræða óstaðbundin verkefni sem snúa að aukinni eftirfylgd með uppbyggingarverkefnum með það að markmiði að ná fram aukinni hagkvæmni, skoða heildarlausnir þegar við á og bæta upplýsingar sem ákvarðanatáka og forgangsröðun nýrra verkefna grundvallast á. Er það í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 20/2016 um landsáætlun. Nema óstaðbundin verkefni um 132,7 m.kr. á tímabili áætlunarinnar.

Fyrir hvert ár er jafnframt gert ráð fyrir fjármagni til að takast á við ófyrirséð verkefni, einkum bráðaáðgerðir og verkefni á nýfriðlýstum svæðum ef við á, sjá nánar í kafla 6.

Tafla 2 Tillaga að ráðstöfun fjármuna landsáætlunar 2022-2024. Inni í liðnum *Staðir á landsáætlun – Efnislegir innviðir* er einnig sérstakt fjármagn til uppbyggingar fjölsótttra staða, s.s. Geysis, Jökulsárlóns, Landmannalauga og Þingvalla á grunni staðbundinna áætlana og frumathugana.

Verkefni 2022-2024	Fjármunir 2022	Fjármunir 2023-2024
Staðir á landsáætlun - Efnislegir innviðir/staðbundin verkefni.	843.549.000	1.667.828.066
Óstaðbundin áhersluverkefni	35.651.000	97.000.000
Bráðaaðgerðir, ný friðlýst svæði, o.fl.	35.000.000	85.000.000
Samtals	914.200.000	1.849.828.066

6. Sérstakt viðbragð við auknu álagi

6.1 Staðir til sérstakrar skoðunar

Gera þarf ráð fyrir viðbót nýrra svæða eða verkefna við áætlunina innan gildistíma hennar, en oft getur þurft að bregðast hratt við nýjum aðstæðum og auknu álagi á viðkomandi stað.

Við endurskoðun verkefnaáætlunar er ávallt litið til niðurstaðna ástandsmats áfangastaða varðandi svæði í hættu á að tapa verndargildi sínu.

Til viðbótar 8. kafla yfir staði á áætlun 2022-2024 eru hér tilgreindir staðir sem hafa verið til sérstakrar skoðunar um nokkurra ára skeið. Staðirnir njóta ekki friðlýsingar. Fylgjast þarf með ástandi og þróun þeirra. Þessir staðir eru Flatey (vesturhluti, utan friðlands), Hjörleifshöfði, Glymur, Kirkjufellsfoss, Skálar á Langanesi, Brúarfoss, Sólheimajökull og Reykjanesfólkvangur (s.s. Leiðarendi; Stapar við Kleifarvatn; Vigdísarvellir) og aðrir viðkvæmir staðir innan fólkvangsins og í næsta nágrenni hans.

6.2 Bráðaaðgerðir og nýfriðlýst svæði

Á árunum 2018-2021 stóð yfir átak í friðlýsingum og hafa nokkur svæði, sem búa við álag af völdum ferðamennsku, hlotið friðlýsingu. Slíkt kallar á að hægt sé að fylgja friðlýsingunni úr hlaði með verndaraðgerðum og viðeigandi uppbyggingu.

Upp geta komið ófyrirséð verkefni sem geta tengst aðstæðum í náttúru. Nefna má aurbleytu og lokunum eða bráðaaðgerðum í tengslum við þær. Einnig geta ófyrirséð verkefni lotið að viðgerð innviða ef ófremdarástand blasir við, s.s. vegna fráveitna og salerna.

Í verkefnaáætlun 2022-2024 er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni vegna bráðaaðgerða og nýrra friðlýstra svæða, svo hægt sé að bregðast fljótt við með aðgerðum ef þörf er á.

Á seinni hluta árs 2021 var úthlutað til tveggja nýrra verkefna sem töldust bæði til bráðaaðgerða. Úthlutunin tilheyrir verkefnaáætlun 2021-2023.

Tafla 3: Bráðaaðgerðir og ný friðlýst svæði - úthlutun árs 2021

Staður		Landssvæði	Fjárhæð
Þinghelgi	Öxará - viðgerð á föllnum brúarsporði	Suðurland	4.000.000
Hljóðaklettur/Rauðhólar	Afmörkun gönguleiða vegna aukins ágangs og forvarnir	Norðausturland	7.500.000
Samtals			11.500.000

7. Ný verkefnaáætlun 2022-2024

Um er að ræða fimmtu verkefnaáætlun landsáætlunar og hefur hún því verið endurskoðuð fjórum sinnum.

7.1 Ferill endurskoðunar

Endurskoðun fjórðu verkefnaáætlunar hófst haustið 2021. Umsjónaraðilar staða sendu inn ítarlegar tillögur og gögn vegna staða og verkefna sem þörf var á að framkvæma þar. Yfirferð gagna stóð yfir frá nóvember 2021 til febrúar 2022. Alls bárust ítarlegar tillögur um 100 ný verkefni og er það sami fjöldi nýrra tillagna og síðustu ár.

Tillagna var aflað frá þeim stofnunum sem bera umsjónarlega ábyrgð á landi og sinna náttúruvernd og/eða minjavörslu, sem og sveitarfélögum sem eiga aðild að landsáætlun í gegnum sína staði. Þeim var safnað á skipulegan hátt, um endurbætta gátt, s.s. með ítarlegum verkefnislýsingum, magntölum, verk- og kostnaðaráætlunum og öðrum viðeigandi gögnum. Gögnin mynduðu undirlag fyrir vinnu verkefnisstjórnar við forgangsroðun tillagna.

Í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga var lögð áhersla á að skoða núverandi staði sveitarfélaga á áætluninni, yfirfara forsendur og auka stuðning ef þörf var á, s.s. vegna undirbúnings framkvæmda.

7.2 Ferill eftir að ný áætlun tekur gildi

Unnið verður að nánari útfærslu verkefna og verkáætlana í samvinnu við viðkomandi umsjónaraðila.

Áætlunin verður endurskoðuð síðar á árinu í takt við þætti eins og þróun álags og ástands á stöðum.

Hefðbundnir fyrirvarar eru settir um breyttar forsendur á innleiðingartíma áætlunarinnar hvað varðar staði, verkefni, fjármögnun og aðra þætti sem lúta að breytingu á umsjón og eignarhaldi.

Öll verkefni á landsáætlun eru sett fram með fyrirvara um að umsjónaraðilar veiti allar umbeðnar upplýsingar sem varða gerð og eftirfylgd samninga um framkvæmd verkefna, en vanhöld á því geta leitt til frestunar eða niðurfellingar.

8. Tillögur að aðgerðum árin 2022-2024

Hér fylgir yfirlit yfir þá ferðamannastaði sem aðild eiga að landsáætlun og stutt lýsing á þeim aðgerðum sem ráðast á í á tímabili þessarar framkvæmdaáætlunar (2022-2024). Áætlunin er unnin á grunni forgangsröðunar og í samræmi við fjármögnun áætlunarinnar.

8.1 Ferðamannastaðir, -svæði og -leiðir

Forgangsröðun staða og verkefna var unnin á grunni stefnumarkandi landsáætlunar sem samþykkt var af Alþingi í júní 2018.

Á áætlun árána 2022-2024 eru verkefni á um 90 skilgreindum stöðum, svæðum og leiðum.

Í heildina hefur landsáætlun fjármagnað verkefni á um 157 stöðum víðs vegar um landið. Af því leiðir að rúmur þriðjungur staðanna var eingöngu með verkefni á áætlun 2018 til 2021, en aðgerðum er ýmist lokið í bili eða er að ljúka. Þessir staðir eru samt áfram viðföng landsáætlunar að svo stöddu og ekki er lítið svo á að þeir séu farnir af landsáætlun þó svo að engin verkefni séu á áætlun 2022-2024 eða lokaáfangar verkefna þegar fjármagnaðir. Þessir staðir koma fram á landshlutakortum sem hér fylgja á eftir.

Í þessari áætlun eru nokkur verkefni sem lúta að ferðamannasvæðum en ekki einstaka stöðum. Um getur verið að ræða verkefni um bættar merkingar innan tiltekins stjórnunarsvæðis, endurbætur og tengingar náttúrustíga innan svæðis, styrking umgjardar um minjaheildir undir álagi af völdum ferðamennsku, o.fl. Áfram verður unnið með svæðanálgu fyrir tilteknar samræmdar aðgerðir á stórum svæðum þegar við á.

Ferðamannaleiðir eru einnig mikilvægt viðfangsefni landsáætlunar og er unnið áfram að skilgreiningu lengri og styttri leiða, sem og uppbyggingu þeirra og viðhald.

Ferðamannastaðir eru sýndir á kortum sem skipt er upp eftir landshlutum. Flestir eru þeir á Suðurlandi og þar er jafnframt að finna marga afar fjölsóttu ferðamannastaði, bæði á hálendi og láglendi, og kallar uppbygging staða af þeirri stærðargráðu á sérstaka nálgun, s.s. staðbundna framkvæmdaáætlun.

Tafla 4 Staðir og áætluð verkefni til verndunar náttúru og menningarsögulegum minjum árin 2022-2024. Einnig er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni til stærri ferðamannastaða á grundvelli samþykktra, staðbundinna áætlana. Nánari ráðstöfun þess mun liggja fyrir við næstu útgáfu verkefnaáætlunar, vorið 2023.

Heiti staðar	Umsjónaraðili	Aðgerðir	Landshluti	2022	2023-2024	Samtals
Arnarstapi / Hellnar	Umhverfisstofnun	Deiliskipulag; endurbætur á göngustíg að Músagjá	Vesturland	8.000.000	-	8.000.000
Ásbyrgi	Vatnajökulspjóðgarður	Útsýnispallur og tröppur (Eyjan); lokafrágangur og öryggismál við bílastæði; hönnun fráveitumannvirkis; vatnsveita	Norðurland	47.000.000	5.000.000	52.000.000
Breiðamerkursandur / Þröng	Vatnajökulspjóðgarður	Nýtt malarbílastæði við Þröng	Suðurland	-	12.000.000	12.000.000
Búðanes og Hjallatangi	Minjastofnun Íslands	Hönnun svæðis	Vesturland	-	3.456.000	3.456.000
Búðir - friðland	Umhverfisstofnun	Aðkomusvæði við Sjávangötu og Kletts götu	Vesturland	5.684.000	-	5.684.000
Búrfell og Búrfellsgjá	Umhverfisstofnun	1. og 2. áfangi í uppbyggingu gönguleiðar	Suðvesturland	35.518.000	20.116.000	55.634.000
Dimmuborgir	Landgræðsla ríkisins	Frágangur á áningarstað gesta við bílastæði; fræðsluskilti við þjónustuhús	Norðurland	5.700.000	-	5.700.000
Drangar	Umhverfisstofnun	Göngubrýr yfir Meyjará og Húsá; salernisaðstaða við tjaldsvæði sem á að nýtast öllum gestum	Vestfirðir	18.740.000	-	18.740.000
Drekagil	Vatnajökulspjóðgarður	Breyting á deiliskipulagi	Norðurland	5.000.000	-	5.000.000
Dverghamrar	Umhverfisstofnun	Hönnun vegna stígagerðar og aðgengis fyrir hreyfihamlaða; tvö upplýsinga- og fræðsluskilti	Suðurland	1.800.000	-	1.800.000
Dynjandi	Umhverfisstofnun	Lagfæring á stíg frá Hrísvaðsfossi að Dynjanda	Vestfirðir	19.889.000	-	19.889.000
Dyrhólaey	Umhverfisstofnun	Frágangur á bílastæði á Háey; aðstaða fyrir fuglaskoðun	Suðurland	15.887.500	7.313.860	23.201.180
Eldborg í Hnappadal	Umhverfisstofnun	Bílastæði fyrir gesti sem fara á Eldborg; göngubrú frá bílastæði að göngustíg; skilti við upphaf gönguleiðar	Vesturland	22.800.000	-	22.800.000
Fjaðrárgljúfur	Umhverfisstofnun	Tvö upplýsinga- og fræðsluskilti	Suðurland	700.000	-	700.000

Flatey	Umhverfisstofnun	Lagfæring á göngustíg innan friðlands; tvö fræðsluskilti við höfn	Vestfirðir	700.000	1.050.000	1.750.000
Friðland að fjallabaki	Umhverfisstofnun	Hönnun og gerð bílastæða við gönguleiðirnar að Rauðafossi og Grænahrygg; hönnun aðkomusvæða; viðhald gönguleiða	Suðurland	5.867.000	11.960.000	17.827.000
Friðland að fjallabaki / Landmannahellir	Umhverfisstofnun	Hönnun áningastaða og bílastæða við Landmannahelli	Suðurland	2.000.000	-	2.000.000
Friðland að fjallabaki / Landmannalaug	Umhverfisstofnun	Innviðauppbýgging við Landmannalaug - 1. áfangi á grunni frumathugunar	Suðurland	54.000.000	-	54.000.000
Friðland að fjallabaki / Laugahringur	Umhverfisstofnun	Laugahringur, framhald á vinnu við stígagerð (3. kafli af fjórum í 2. áfanga).	Suðurland	-	48.605.000	48.605.000
Friðland að fjallabaki / Rauðufossar	Umhverfisstofnun	Viðhald og uppbygging göngustíga	Suðurland	35.151.000	-	35.151.000
Friðland Svarfdæla	Umhverfisstofnun	Endurnýjun göngubrúa; bættar merkingar	Norðurland	2.742.000	1.200.000	3.942.000
Friðlandið Hornstrandir	Umhverfisstofnun	Endurhleðsla á vörðum á Hornströndum í samráði við Minjastofnun - Hælavík og Tunguheiði; lagfæring göngustígs og greiningarvinna vegna krefjandi aðstæðna í Hornstrandafriðlandi	Vestfirðir	2.149.000	2.595.000	4.744.000
Friðlandið Hornstrandir / Hesteyri	Umhverfisstofnun	Tvö fræðslu- og öryggisskilti á Stekkseyri og í Höfn í samráði við Minjastofnun	Vestfirðir	-	700.000	700.000
Friðlandið Hornstrandir / Straumnesfjall	Umhverfisstofnun	Fræðslu- og öryggisskilti	Vestfirðir	-	405.000	405.000
Friðlýst svæði á SV-landi	Umhverfisstofnun	Skilti með kortum við Álftanes og Bessastaðanes; bættar merkingar við Gróttu, Bakkatjörn, Fossvogsbakka; tvö skilti í landi vegna Akureyjar og Lundeyjar; skilti við Varmárósa	Suðvesturland	1.940.000	4.800.000	6.740.000

Friðlýstar menningarminjar, landið allt	Minjastofnun Íslands	Sjö skilti við menningarminjar á sex stöðum - Krakalækjarþing; Kambstún, Borgarhöfn; Papafjörður, Lón; Atlavík, Hallormsstaður; Blikastaðanes; Vaðlaþingstaður.	Landið allt	-	4.200.000	4.200.000
Galtastaðir fram	Þjóðminjasafn Íslands	Salernishús; lokaáfangi móttökuhúss; nýjar girðingar	Austurland	1.000.000	20.904.875	21.904.875
Gásir	Minjastofnun Íslands	Fullnaðarhönnun innviða	Norðurland	3.500.000	-	3.500.000
Gerpissvæðið	Umhverfisstofnun	Umbætur á gönguleiðum; aðkomuskilti	Austurland	1.700.000	-	1.700.000
Geysir í Haukadal	Umhverfisstofnun	Framkvæmdir við nýja hringleið á grunni staðbundinnar áætlunar og frumathugunar	Suðurland	152.400.000	-	152.400.000
Goðafoss	Umhverfisstofnun	Lokafrágangur	Norðurland	12.100.000	-	12.100.000
Grábrók	Umhverfisstofnun	Malbikun bílastæðis	Vesturland	3.500.000	-	3.500.000
Gullfoss	Umhverfisstofnun	Útsýnispallur og steyptir göngustígar á efra svæði	Suðurland	20.989.900	35.368.000	56.357.900
Hallormsstaðaskógur	Skógræktin	1. áfangi eldaskála	Austurland	-	22.600.000	22.600.000
Haukadalsskógur	Skógræktin	Viðhald og uppbygging gönguleiða í Haukadalsskógi og tenging við Geysissvæðið	Suðurland	6.000.000	-	6.000.000
Heinabergslón	Vatnajökulsþjóðgarður	Endurbætur á umhverfi bílastæðis og tenging milli innviða	Suðurland	-	5.000.000	5.000.000
Helgustaðanáma	Umhverfisstofnun	Þjónustuhús; fræðsluskilti	Austurland	16.000.000	-	16.000.000
Hjallanes	Vatnajökulsþjóðgarður	Lagfæring á gönguleið	Suðurland	-	4.000.000	4.000.000
Hofstaðir	Minjastofnun Íslands	Frumathugun, endurskoðun deiliskipulag og fullnaðarhönnun innviða	Norðurland	7.500.000	5.200.000	12.700.000
Hraunfossar, Barnafoss	Umhverfisstofnun	Deiliskipulag	Vesturland	2.100.000	-	2.100.000
Hveravellir	Umhverfisstofnun	Bættar merkingar innan verndarsvæðis	Norðurland	3.300.000	-	3.300.000
Hverfjall	Umhverfisstofnun	Jarðvinna milli neytluvatnsborholu og salernis. Veitt með fyrirvara um framkvæmdaleyfi.	Norðurland	9.500.000	-	9.500.000
Hvítserkur	Húnaþing vestra	Hönnun og framkvæmdir við ferðamannastaðinn	Norðurland	-	15.000.000	15.000.000

Jökulsárgljúfur - leið	Vatnajökulsþjóðgarður	Viðhald gönguleiða; fræðslu- og upplýsingaskilti	Norðurland	5.300.000	4.200.000	9.500.000
Jökulsárlón	Vatnajökulsþjóðgarður	Lokafrágangur bílastæða; göngustígar um svæðið	Suðurland	22.000.000	15.000.000	37.000.000
Keldur á Rangárvöllum	Þjóðminjasafn Íslands	Frumathugun vegna móttökuhúss ferðamanna á Keldum	Suðurland	4.048.000	-	4.048.000
Kerlingarfjöll	Umhverfisstofnun	Stikun og merking gönguleiða	Suðurland	1.750.000	-	1.750.000
Kinnargjár á Reykjanesi	Reykjanesbær	Endurbætur á göngustígakerfi við Brúnna milli heimsálfa	Suðvesturland	-	41.000.000	41.000.000
Kirkjugólf	Umhverfisstofnun	Bætt aðgengi fyrir hreyfihamlaða	Suðurland	-	760.000	760.000
Krepputunga / Kreppubrú	Vatnajökulsþjóðgarður	Undirbúningur vegna nýrra móttöku. 1. áfangi.	Austurland	-	5.000.000	5.000.000
Kverkjökull / Volga	Vatnajökulsþjóðgarður	Göngubrú yfir Volgu	Austurland	-	3.000.000	3.000.000
Laki - Lakagígar	Vatnajökulsþjóðgarður	Áfangi 2: endurnýjun á göngustíg; nýtt deiliskipulag	Suðurland	36.000.000	-	36.000.000
Laki - Tjarnargígur	Vatnajökulsþjóðgarður	Nýtt deiliskipulag	Suðurland	-	2.000.000	2.000.000
Látrabjarg (Bjargtangar og Brunnar í Látravík)	Umhverfisstofnun	Nýtt bílastæði í samvinnu við landeigendur, á nýjum stað fjær bjargbrún	Vestfirðir	4.200.000	37.000.000	41.200.000
Loftsalahellir	Umhverfisstofnun	Göngustígur, brú og þrep að Loftsalahelli í samráði við Minjastofnun	Suðurland	1.050.000	-	1.050.000
Mývatn og Laxá - verndarsvæði	Umhverfisstofnun	Hjólabogar við þrjá áfangastaði	Norðurland	1.000.000	-	1.000.000
Ólafsdalur í Gilsfirði	Minjavernd hf.	Göngustígar og önnur uppbygging fyrir ferðamenn á svæðinu	Vesturland	26.169.000	19.907.000	46.076.000
Sauðanes á Langanesi	Þjóðminjasafn Íslands	Bílastæði, afmarkanir og skilti	Norðurland	-	10.000.000	10.000.000
Skaftafell	Vatnajökulsþjóðgarður	Göngupallur við Lambhaga; nýtt deiliskipulag; bættar merkingar	Suðurland	23.500.000	-	23.500.000
Skaftáreldahraun	Skaftárhreppur	Aðgerðir til endurheimtar mosabekju	Suðurland	4.000.000	-	4.000.000
Skógafoss / láglendi	Umhverfisstofnun	Malbikun á göngustíg frá þjónustuhúsi að fossi; útsýnisstaður fyrir hreyfihamlaða við foss; bættar merkingar; viðhald innviða	Suðurland	9.300.000	72.800.000	82.100.000

Skógræktin - landið allt	Skógræktin	Viðhald gönguleiða í fjórum landshlutum - Stálpastaðaskógur, Þjórsárdalur, Vaglaskógur, Hallormsstaðaskógur	Landið allt	-	4.000.000	4.000.000
Snæfell	Vatnajökulsþjóðgarður	Ný göngubrú	Austurland	10.000.000	-	10.000.000
Stóruð	Umhverfisstofnun	Göngubrú og stikur; tvö aðkomuskilti	Austurland	2.400.000	-	2.400.000
Surtastrandsgil	Umhverfisstofnun	Lagfæring á göngustíg að Hundafossi	Vestfirðir	300.000	-	300.000
Surtsnellir (Vígishellir, afhellir)	Minjastofnun Íslands	Tvö skilti um menningarminjar við bílastæði	Vesturland	1.640.000	-	1.640.000
Teigarhorn	Umhverfisstofnun	Frágangur utanhúss í tengslum við bætta aðstöðu fyrir gesti svæðis	Austurland	-	4.000.000	4.000.000
Teigarhorn	Þjóðminjasafn Íslands	Áfangastaður ferðamanna í ljósmyndastofu fyrri tíma	Austurland	-	27.500.000	27.500.000
Tröllabörn	Umhverfisstofnun	Stikun hringleiðar, gróðurvernd og fræðsluskilti	Suðvesturland	1.700.000	-	1.700.000
Útilegumannabæli í landi Húsatófta í Grindavík	Minjastofnun Íslands	Gerð verndaráætlunar fyrir fornleifar og umhverfi hins friðlýsta minjasvæðis á Húsatóftum	Suðvesturland	2.000.000	-	2.000.000
Vaglaskógur	Skógræktin	Lokaáfangi eldaskála með heilsárs salernisaðstöðu	Norðurland	-	17.200.000	17.200.000
Vatnajökulsþjóðgarður - austursvæði	Vatnajökulsþjóðgarður	Snæfellsöræfi og Krepputunga - bættar merkingar	Austurland	3.500.000	-	3.500.000
Vatnajökulsþjóðgarður - norðursvæði	Vatnajökulsþjóðgarður	Áningarbekkir á gönguleiðum	Norðurland	-	5.000.000	5.000.000
Vatnajökulsþjóðgarður - suðursvæði	Vatnajökulsþjóðgarður	Áningarbekkir á gönguleiðum	Suðurland	5.000.000	-	5.000.000
Vatnajökulsþjóðgarður - vestursvæði	Vatnajökulsþjóðgarður	Bættar merkingar	Suðurland	4.200.000	-	4.200.000
Vatnsfjörður	Umhverfisstofnun	Vatnssalerni við Þingmannakleifar; uppbygging göngustígs við Þingmannaá; niðursetning skilta í samráði við Minjastofnun	Vestfirðir	816.400	27.294.568	28.110.968
Vogur í Höfnum	Minjastofnun Íslands	Frumathugun	Suðvesturland	4.000.000	-	4.000.000

Þinghelgi	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Lagning bílastæða og gerð gönguleiðar norðan Öxarárfoss og Stekkjargjár, að undangenginni fumathugun; uppfærsla á skiltum og merkingum í Þinghelgi	Suðurland	-	171.500.000	171.500.000
Þingvallahraun	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Uppfærsla á skiltum og merkingum; deiliskipulag fyrir strandlengju; áframhaldandi uppbygging malarstíga	Suðurland	-	34.148.000	34.148.000
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Merkingar á meginaðkomum í þjóðgarðinn á þremur stöðum	Suðurland	-	16.200.000	16.200.000
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	Umhverfisstofnun	Frumgreining á uppbyggðum hjóla- og göngustíg	Vesturland	-	2.005.000	2.005.000
Þjórsárdalur / Gjáin	Umhverfisstofnun	Áframhald á gerð göngustíga og fræðsluskilta	Suðurland	48.904.000	-	48.904.000
Þjórsárdalur / Stöng	Minjastofnun Íslands	Framkvæmd við yfirbyggingu minja; merkingar.	Suðurland	46.500.000	8.006.000	54.506.000
Þjórsárdalur / Stöng	Umhverfisstofnun	Hönnun á salernishúsi í samstarfi við Minjastofnun	Suðurland	-	4.773.600	4.773.600
Þórsmörk og Goðaland	Skógræktin	Áframhaldandi uppbygging og viðhald gönguleiða á Þórsmörkumsvæðinu	Suðurland	17.000.000	35.500.000	52.500.000
ÞS / Gufuskálavör - Gufuskálar	Umhverfisstofnun	Endurgerð og varðveisla minja um sjósókn; fræðsluskilti	Vesturland	-	4.804.843	4.804.843
ÞS / Malarrif	Umhverfisstofnun	Viðburða- og áningarpallur við gestastofu	Vesturland	-	6.507.500	6.507.500
ÞS / Skarðsvík	Umhverfisstofnun	Fræðsluskilti	Vesturland	-	1.688.000	1.688.000
ÞS / Öndverðarnes	Umhverfisstofnun	Bílastæði; minjaheildarsvæði í samráði við Minjastofnun	Vesturland	19.154.200	-	19.154.200
ÞS Jökulháls	Umhverfisstofnun	Skilti og merkingar	Vesturland	2.260.000	-	2.260.000
ÞS Svalþúfa	Umhverfisstofnun	Stækkun og úrbætur á bílastæði; göngustígar, tengingar og landmótun	Vesturland	-	12.560.000	12.560.000
Örlygsstaðir í Skagafirði	Minjastofnun Íslands	Deiliskipulag; aðgerðir við verndar minjum	Norðurland	5.000.000	-	5.000.000

